

---

---

# MINNISBLAÐ

---

---

Varðar: Norðurþing – aðild að rammamningum Ríkiskaupa  
Höfundur(ar): Drífa Valdimarsdóttir, fjármálastjóri Norðurþings  
Málefni: Aðild Norðurþings að rammamningum Ríkiskaupa  
Dags: 6.4.2021

---

Á 357. fundi byggðarráðs Norðurþings þann 25. mars sl. var óskað eftir því að lagt yrði fyrir ráðið samantekt um aðild Norðurþings að rammamningum Ríkiskaupa.

Annars vegar var óskað eftir að aflað yrði frekari upplýsinga um aðild að rammamningum og frásögn sveitarfélagsins frá einstökum hlutum hans og hins vegar að lögð yrði fram samantekt á ávinningi aðildar að rammamningi.

## **Aðild að rammamningum Ríkiskaupa og frásögn sveitarfélagsins frá einstökum hlutum hans**

### Um aðild að rammamningum

Um rammamninga er fjallað í lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og er aðild að rammamningum Ríkiskaupa heimil sveitarfélögum en ekki skyld. Á heimasíðu Ríkiskaupa er að finna ítarlega umfjöllun um rammamninga og þýðingu aðildar að þeim, sjá hér; <https://www.rikiskaup.is/is/rammamningar/hagnytar-upplýsingar/hvad-er-rammamningur>

Í 2. mgr. 40. gr. laga um opinber innkaup segir; *Í rammamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávík tilgreind í útboðsgögnum. Á heimasíðu Ríkiskaupa segir jafnframt; *Almennar reglur samningaréttar gilda um rammamninga. Aðilar að rammamningum eru því skuldbundnir til að kaupa inn samkvæmt þeim nema undantekningar séu sérstaklega orðaðar í samningsskilmálum. Rammamningar eru bindandi samningar. opinberir aðilar hafa ekki aðeins rétt til að kaupa inn samkvæmt samningunum heldur ber þeim einnig skylda til að beina viðskiptum sínum til seljenda innan rammamnings og í samræmi við þær leikreglur sem samningurinn kveður á um. Sama gildir um seljendur.**

Eins og sjá má á texta Ríkiskaupa er ekki gert ráð fyrir að kaupendur geti beint viðskiptum sínum annað en til þeirra sem aðild eiga að rammamningum nema þess sé sérstaklega getið í útboðsgögnum og/eða að undantekningar séu sérstaklega orðaðar í samningsskilmálum.

Við aðild að rammamningum er einnig hægt að nýta svokölluð örútboð sem eru skilgreind svo í lögum um opinber innkaup; *Örútboð: Innkaupaferli þar sem kaupandi leitar, með hæfilegum fyrirvara, skriflegra tilboða meðal rammamningshafa sem efnt geta samning á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem koma fram í útboðsskilmálum rammamningsins.*

Samkvæmt bókhaldi Norðurþings hefur sveitarfélagið verið aðili að rammamningum Ríkiskaupa frá árinu 2004. Aðildargjald miðast í dag við veltu síðastliðins árs og greiddi Norðurþing 930.000 krónur fyrir aðildina á árinu 2020.

### Frásögn frá einstökum hlutum rammasamninga

Ekki er fjallað sérstaklega um frásögn kaupanda frá einstökum hlutum rammasamninga í lögum um opinber innkaup. Á heimasíðu Ríkiskaupa er heldur ekki fjallað um slíka frásögn og í upplýsingapóstum Ríkiskaupa varðandi nýja eða endurnýjaða rammasamninga kemur hvergi fram að hægt sé segja sig frá einstökum samningum né gefinn einhver tímafrestur vegna þess.

Ekki er vitað til þess að Norðurþing hafi nokkurn tímann sagt sig frá neinum hlutum rammasamninga á þeim árum sem sveitarfélagið hefur átt aðild að rammasamningum.

### **Ávinningur Norðurþings af aðild að rammasamningum Ríkiskaupa**

Samkvæmt lögum um opinber innkaup hvílir ákveðin skylda á opinberum aðilum þegar gerðir eru samningar um vöru-, þjónustu- eða verkkaup. Þær snúa aðallega að undirbúningi og vinnslu útboðsgagna og könnun á hæfi bjóðenda.

Í 68. gr. laganna er fjallað ítarlega um hvenær skal og hvenær er heimilt að útiloka bjóðendur frá þátttöku í innkaupaferli og felur það í sér umtalsverða vinnu við könnun á stöðu bjóðenda að meta útilokunarskilyrði samkvæmt greininni. Slík vinna er unnin af Ríkiskaupum í tilfelli rammasamninga.

Aðrar greinar sem leggja skyldur á kaupanda eru t.d. 81. gr. sem fjallar um óeðlilega lágt tilboð og svo greinar 69. – 72. sem fjalla um heimildir kaupanda til að setja skilyrði fyrir þátttöku fyrirtækja á grundvelli krafna um hæfi. Í tilfelli rammasamninga hefur sú vinna farið fram hjá Ríkiskaupum.

Örútböð meðal rammasamningsaðila eru einföld og góð leið til að bjóða út vöru-, þjónustu- eða verkkaup sem eru undir viðmiðunarmörkum laganna. Norðurþing hefur tekið þátt í nokkrum örútböðum á vegum Ríkiskaupa og hafa þau skilað sveitarfélaginu þó nokkrum ávinningi.

Árið 2017 tók Norðurþing þátt í örútböði námsgagna og var áætlaður kostnaður sveitarfélagsins um 1,6 milljónir. Niðurstöður örútböðsins voru að námsgögnin kostuðu tæpar 1,2 milljónir.

Í byrjun árs 2020 var farið í örútböð á kaupum á raforku og m.v. þau verð sem Norðurþing var að greiða og niðurstöðu örútböðsins þá er áætlaður árlegur sparnaður Norðurþings að loknu örúboðinu um 3,7 milljónir (árlegur heildarsparnaður er um 7,3 milljónir sé ekki tekið tillit til afsláttá sem sveitarfélagið var með áður).

Á vordögum 2020 var farið í örútböð á endurskoðun ársreikninga sveitarfélagsins og var niðurstaðan sú, eftir að gerð ársreikningsins var skilin frá endurskoðuninni, að árlegur sparnaður vegna beggja verkþátta væri á bilinu 500.000 – 1.000.000.

Rammasamningar um kaup á hreinlætisvörum og almennum rekstrarvörum hafa skilað Norðurþingi sparnaði á liðnum árum en sveitarfélagið hefur beint viðskiptum sínum til þeirra aðila innan rammasamninga sem selja slíkar vörur og notið þannig þeirra kjara sem í rammasamningum bjóðast.